

8. apríl 2022

Fjármálaráðuneytið

Arnarhváli

155 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp í samráðsgátt um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

Samtök fjármálafyrirtækja fagna framlagningu þessa frumvarps sem er liður í að takast á við þann vanda sem við blasir á sviði loftslagsmála.

Drög að ofangreindu frumvarpi hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða lögfestingu í íslenskan rétt á tveimur reglugerðum sem innleiddar eru með tilvísunaraðferð.

Eðli máls samkvæmt er því ekki mikið svigrúm til þess að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) lúta fyrst og fremst að því hvernig staðið verður að gildistöku nokkurra ákvæða laganna. Um er að ræða tvíþættar ábendingar:

1. Innan Evrópusambandsins tóku ákvæði um upplýsingagjöf fyrirtækja gildi einu eða tveimur árum fyrir en skylda fjármálafyrirtækja til að miðla þeim til fjárfesta (taxonomy eligible/taxonomy aligned). Með því móti var gefinn undirbúningstími fyrir fjármálafyrirtæki að vinna úr þeim upplýsingum í fyrsta skipti áður en kemur til þess að miðla þeim áfram. Okkur er ekki ljóst hvernig þetta verður hér á landi en ástæða er til þess að mati SFF að tryggja að svo verði einnig hér á landi.
2. Ljóst að hér er verið að feta nýja braut sem er enn í mótun. Ekki er víst að fjármálatækin verði fullnuma í beitingu flokkunarreglugerðarinnar eða upplýsingagjöf á sjálfbærni strax frá næstu áramótum. Af þeim sökum myndi SFF telja æskilegt að aðlögunartími væri gefinn að því að sektarákvæði 5. greinar frumvarpsins taki gildi, a.m.k. um einhvern tíma.

Athygli er vakin á því að röng tilvísun er í númer laga í skýringum við 1. gr. þar sem talað er um lög 126/2011 en á væntanlega að vera lög 116/2021 um verðbréfasjóði.

Virðingarfyllt, fyrir hönd Samtaka fjármálafyrirtækja,

Yngvi Örn Kristinsson



